



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Dagur B. Eggertsson
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 14. september 2023
1510002 JKÁ

Efni: Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins 2024

Á 119. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, sem fram fór 8. september síðastliðinn, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

„Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að fyrirbyggjandi tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2024 verði send aðildarsveitarfélögum til samþykktar og fjármálastjórum sveitarfélaganna vegna fjárhagsáætlunar sveitarfélaganna 2024.“

Afgreiðsla sveitarfélaga:

Meðfylgjandi eru tillögur að annars vegar fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2024 og hins vegar tillaga að starfsáætlun nefndarinnar fyrir tímabilið september 2023 til maí 2024.


Er farið fram á að þessar tillögur verði teknar til efnislegrar umræðu og samþykktar á vettvangi sveitarfélagsins.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síður en 10 október nk. Sé frekari upplýsinga eða kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is

Fylgigögn:

Tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2024, dags. 4. september 2023

Tillaga að starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar september 2023 – maí 2024, dags. 4. september 2023

Virðingarfyllt,

Jón Kjartan Agústsson
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins



Fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2024

Tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra fyrir árið 2024 er svohljóðandi:

Lagt er til að á árinu 2024 verði gert ráð fyrr fimm milljónum í verkefnakostnað og fimm milljónir króna í rekstur skrifstofu SSH, sem eru óbreyttar fjárhæðir frá fyrra ári. Lagt er til að laun fulltrúa svæðisskipulagsnefndar miði við 3% af þingfara kaupum auk launatengdra gjalda, líkt og liðin ár og að gert verði ráð fyrir að nefndin fundi tíu sinnum.

Tillaga að áætlaðri skiptingu fjárhagsáætlunar svæðisskipulags er svohljóðandi:

	Áætlun 2024
Svæðisskipulagsnefnd og svæðisskipulagsstjóri	25,456,811
Skrifstofa SSH	5,000,000
Verkefnakostnaður	5,000,000
Samtals	35,456,811

Áætlaður kostnaður sem fellur á hvert sveitarfélag tekur mið af hlutfallsskiptingu íbúafjölda sbr. starfsreglur svæðisskipulagsnefndar og samkomulag um svæðisskipulag:

Mannfjöldi sveitarfélaga 1. ágúst 2023			
Reykjavík	142,221	56.6%	20,055,613
Kópavogur	40,266	16.0%	5,678,200
Seltjarnarnes	4,699	1.9%	662,640
Garðabær	19,234	7.6%	2,712,326
Hafnarfjörður	31,093	12.4%	4,384,649
Mosfellsbær	13,647	5.4%	1,924,462
Kjósarhreppur	276	0.1%	38,921
Samtals	251,436	100.0%	35,456,811

Reykjavík, 4. september 2023

Virðingarfyllst,

Jón Kjartan Ágústsson

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fylgigagn 1

Svæðisskipulagsnefnd, svæðisskipulags og svæðisskipulagsstjóri
Raun 1. janúar 2023 - 31. júlí 2023/ áætlun 1. ágúst – 31. desember 2023 / áætlun 1.
janúar 2024 - 31. desember 2024

	Raun. M01-07	Samþykkt	
	Áætlað M08-12	fjárhagsáætlun	Áætlun
	2023	2023	2024
Tekjur			
Framlög aðildarsveitarfélaga	33,159,461	33,159,466	35,456,811
Samtals	33,159,461	33,159,466	35,456,811
Laun og rekstur			
Launakostnaður svæðisskipulagsstjóra og nefndar	(23,715,527)	(23,159,466)	(25,456,811)
Leiga og skrifstofukostnaður SSH	(5,000,000)	(5,000,000)	(5,000,000)
Samtals	(28,715,527)	(28,159,466)	(30,456,811)
Verkefnakostnaður svæðisskipulagsnefndar			
Ferðavenjukönnun	-	(1,800,000)	
Hjólaleiðbeiningar uppfærsla	(1,500,000)	(1,500,000)	-
Kortasjá uppfærsla	(500,000)	(500,000)	(500,000)
Leiðbeiningar um sjálfbært skipulag	(870,000)	(1,000,000)	(1,000,000)
Verkefni v. framfylgdar svæðisskipulags	(1,295,046)	(4,500,000)	(5,000,000)
Próunaráætlun uppfærsla	(5,700,000)	(2,500,000)	(2,000,000)
Verkefnakostnaður		-	
Samtals	(9,865,046)	(11,800,000)	(8,500,000)
Áætlun staða í sjóði í byrjun árs	9,815,691	11,168,354	4,394,579
Rekstur ársins	(5,421,112)	(6,800,000)	(3,500,000)
Áætlun staða í sjóði í lok árs	4,394,579	4,368,354	894,579

04/09/2023

JKÁ

Tillaga að starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar september 2023 - maí 2024

Fundartími er föstudaga kl 13:30 - 15:30 nema annað sé tekið fram í fundarboði

Staðsetning er í Hamraborg 9, 200 , Kópavogi - nema annað sé tekið fram í fundarboði

#	Dags.	Námar	#
119	8. sept	Hefðbundinn fundur Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun 2023 lögð fram	1
120	13. okt.	Hefðbundinn fundur	1
121	17. nóv	Hefðbundinn fundur	1
122	8. des	Möguleg heimsókn til sveitarfélags	1
123	12. jan	Hefðbundinn fundur	1
124	9. feb	Hefðbundinn fundur	1
125	8. mars	Hefðbundinn fundur	1
126	5. apríl	Möguleg heimsókn til sveitarfélags	1
127	3. maí	Hefðbundinn fundur	1
128	31. maí	Mögulega aukafundur	1
	Samtals		10



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Umsögn um tillögu að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra fyrir árið 2024

Vísað er til bréfs svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 4. september 2023, þar sem lögð er fram tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefnd og svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2024.

Lagt er til að á árinu 2024 verði gert ráð fyrir að áætluð heildarútgjöld verði tæplega 35,5 m.kr., þar af fimm milljónir króna í verkefnakostnað og fimm milljónir króna í rekstur skrifstofu SSH, sem er óbreytt fjárhæð frá fyrra ári. Þá er lagt til að laun fulltrúa svæðisskipulagsnefndar miði við 3% af þingfarakaupi auk launatengdra gjalda, líkt og liðin ár. Launakostnaður svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra er áætlaður um 25,5 m.kr. Gert er ráð fyrir að nefndin fundi tíu sinnum á ári.

Sá kostnaður sem áætlað er að falli á Reykjavíkurborg vegna verkefna svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins miðast við hlutfallsskiptingu íbúafjölda þann 1. ágúst 2023 og er 56,6% eða sem nemur rúmlega 20 m.kr. fyrir árið 2024. Hækkun milli ára nemur rúmlega 1,3 m.kr. eða tæplega 7% og er gjaldfært á umhverfis- og skipulagssviði. Gert hefur verið ráð fyrir þessari hækkun í fjárhagsáætlun.

Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs